

Nd.

1030. Nefndarálit

[416. mál]

um frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

Þingskapanefnd neðri deildar hefur haft frv. þetta til meðferðar og rætt það gaumgæfilega. Í þingskapanefnd deildarinnar eiga sæti, meðal annarra, fjórir þeirra er sæti áttu í millipinganevnd þeirri er vann að endurskoðun þingskapa og samdi frv. það sem lagt var fyrir efri deild á þessu þingi og er nú til meðferðar í neðri deild. Þrátt fyrir vandaða meðferð málsins í millipinganevnd og efri deild komu fram ýmsar athugasemdir við einstakar greinar frv. í þingskapanefnd neðri deildar, svo og í umræðum í þingdeildinni, og er nefndin einhuga um að rétt sé að leggja til að á frv. verði gerðar tiltekna breytingar.

Nefndin leggur til að ákvæði verði í frv. um að koma skuli upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur og hverfa frá þeim reglum sem nú gilda um atkvæðagreiðslur með handauppréttingu. Horfir þessi breyting til þess að koma á atkvæðagreiðslukerfi sem víðast er við lýði í þjóðþingum nágrannalanda enda hefur verið unnið að því á vegum forseta þingsins að undanfögnu að slíku kerfi verði komið upp í þingsölum.

Þá leggur nefndin til að breyta orðalagi 28. greinar er fjallar um þingsályktunartillögur og meðferð þeirra og gera með því sem skýrast það markmið sem í greininni felst að þingsályktunartillögur séu bornar upp í sameinuðu þingi en ekki þingdeildum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, miðað við tillögu millipinganevndarinnar, heldur tillögu um skýrara orðalag. Í því sambandi vill nefndin að það komi sem ljósast fram **að ályktunartillögur**, sem bornar kynnu að vera upp í þingdeild, **eru ekki þingsályktunartillögur** og að ályktanir, sem þingdeild gerir, **eru ekki þingsályktanir**.

Nefndin tekur að fullu undir það meginsjónarmið að rétt sé að stefna að því að hraða meðferð þingsályktunartillagna, svo sem mælt er fyrir um í 28. gr., með þeim undantekningum sem er að finna í greininni og varðar þingsályktunartillögur er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga. Slíkar tillögur eru ekki háðar tímatakmörkum og fer um þær eftir ákvæðum 36. gr. Þrátt fyrir það leggur nefndin til að ein efnisbreyting verði gerð um þetta atriði. Er þar leitast við að koma til móts við aðfinnslur og athugasemdir, sem fram komu í báðum þingdeildum, um að takmörkun á ræðutíma, þegar þingsályktunartillögur eru ræddar, geti hugsanlega skert þingræðisleg réttindi stjórnarandstöðu til að bera upp mál í formi

Þingsályktunar. Nefndin telur slíka hættu að vísu hverfandi en vill fyrir sitt leyti leitast við að taka af tvímæli í því efni. Breytingartillagan felur það í sér að **forseti** geti ákveðið frávik frá hinni almennu reglu um ræðutíma ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi og hver þingflokkur hefði rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Þótt fleiri athugasemdir hafi vissulega komið fram í þingdeild og þingnefnd um þingsköp og þingstörf og aðbúnað þingsins í meðferð þessa máls telur þingskapanefnd ekki rétt að leggja til aðrar breytingar á þessu frv. en hér hefur verið lýst. Hvað varðar aðbúnað og starfsskilyrði þingsins og einstakra þingmanna stendur margt til bóta. Á vegum forsetanna og í samstarfi við þingflokka er nú unnið að víðtækum úrbótum í húsnæðismálum þingsins á grundvelli þingsályktunar frá 21. maí 1981, um framtíðarhúsakost Alþingis. Gagnrýni, sem fram hefur komið um ýmsa þætti þingstarfa, er að áliti nefndarinnar um margt réttmæt og til eftirbreytni hvort heldur er um að ræða valdsvið forseta, störf þingnefnda eða hlut þingmanna almennt í því að greiða fyrir meðferð þingmála og góðri reglu í þingstörfum. Nefndin telur að ákvæði þessa frumvarps séu út af fyrir sig nægilega skýr um þessi atriði og veltur því á **framkvæmdinni** hvert gildi þeirra verður.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. maí 1985.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Guðrún Helgadóttir,
fundaskr.
Kristín S. Kvaran.
Kristín Halldórsdóttir.

Páll Pétursson.
Ólafur G. Einarsson.
Friðjón Þórðarson.